

## Svar

### utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um vopnaflutninga til Sáði-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

1. *Hversu margar umsóknir um flutning hergagna með íslenskum loftförum til Sáði-Arabíu hafa verið afgreiddar frá því að ábyrgð á leyfisveitingum færðist til ráðuneytisins? Hversu margar þeirra hafa verið samþykktar hvert ár?*

Engar umsóknir um leyfi til flutnings hergagna með íslenskum loftförum til Sáði-Arabíu hafa borist utanríkisráðuneytinu frá því að ábyrgð á leyfisveitingum færðist til ráðuneytisins.

2. *Hversu margar umsóknir um flutning hergagna með íslenskum loftförum til Sameinuðu arabísku furstadæmanna hafa verið afgreiddar frá því að ábyrgð á leyfisveitingum færðist til ráðuneytisins? Hversu margar þeirra hafa verið samþykktar hvert ár?*

Ein umsókn um flutning hergagna með íslensku loftfari til Sameinuðu arabísku furstadæmanna hefur borist utanríkisráðuneytinu eftir að ábyrgð á leyfisveitingum færðist til ráðuneytisins. Umsókninni var synjað á grundvelli manúðarsjónarmiða.

3. *Hefur ráðuneytið fullvissu fyrir því að hergögn sem falla undir framangreindar leyfisveitingar hafi ekki ratað í hendur stríðandi aðila í Jemen?*

Engin leyfi hafa verið veitt sem falla undir þær leyfisveitingar sem spurst er fyrir um.

Ein og hálf klukkustund fór í að taka svarið saman.